

KÆRA TIL ÚRSKURÐARNEFNDAR UMHVERFIS- OG AUÐLINDAMÁLA

22.5.2024 19:31

1. Kærandi/kærendur

Ef kærendur eru fleiri en einn skal skrá þá aðila hér með hnappnum Bæta við kæranda. Ef fleiri koma að kærðu þarf umboð frá meðkærendum ef kærðan er ekki meðfylgjandi undirrituð skriflega af öllum aðilum.

Fullt nafn	Eva Þorsteinsdóttir
Kennitala	2811734139
Heimilisfang	Kolagata 1
Póstnúmer	101
Staður	Reykjavík
Sími	8471700
Netfang	evathor@gmail.com

Ef um umhverfisverndarsamtök, útivistarsamtök eða hagsmunasamtök er að ræða þarf einnig að skila inn eftirtöldu, sbr. 3. mgr. 4. gr. laga nr. 130/2011. Upplýsingum um félagafjölda. Samþykktum félagsins. Nýjustu ársskýrslu. Staðfestingu á því að um endurskoðað bókhald sé að ræða, t.d. með árituðum ársreikningi.

2. Umboðsmaður kæranda/kæranda ef við á

Fullt nafn	
Kennitala	
Heimilisfang	
Póstnúmer	
Sími	
Netfang	
Umboð	

3. Kæruefni

Hér skal tilgreina hvaða ákvörðun, athafnaleysi, brot á þátttökurétti almennings eða önnur afgreiðsla stjórnvalds er kærð. Upplýsa skal hvaða stjórnvald tók hina kærðu ákvörðun og hvenær ákvörðunin var tekin.

Sjá meðfylgjandi kæruskjal sem er hlaðið upp í heild í lið 9. Fylgiskjalalista

Efni kærunnar

Ákvörðun Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur um að gefa skemmtistaðnum SKOR Kolagötu 1 leyfi fyrir lengri opnunartíma, þ.e.a.s til kl. 1 á nóttunni um helgar og frídaga og svo nýlega til kl 1 á nóttunni frá miðvikudögum til laugardaga og svo alla frídaga þrátt fyrir að hafa gefið út endanlegt leyfi í nóv 2023 þar sem okkur íbúum var sagt að opnunartími væri einungis til kl 22 virka daga og 23 helgar og frídaga og káriókiherbergi væri óleyfilegt.

Athafnaleysi HER þrátt fyrir ítrekaðar kvartanir íbúa vegna hávaðar frá staðnum og á sama tíma gefa út ítrekuð bráðabirgðaleyfi, lengingar á opnunartíma og leyfi fyrir "lúxus píluherbergi" þar sem kunnar loka sig af í gamla káriókiherberginu og stjórna tónlist og sjónvarpi sjálfir.

Athafnaleysi og gaslýsing HER á öllum kvörtunum og að svara fyrirspurnum varðandi allar ákvarðanir sem hafa verið teknar af þeirra hendi varðandi umræddan stað SKOR. Svára ekki póstum eða senda gögn er varða ákvarðanatöku af þeirra hendi til að gefa út umrædd ítrekuð leyfi þrátt fyrir kvartanir íbúa allt frá byrjun árs 2022 þar sem kemur fram að hávaði frá staðnum er slíkur að ætti að flokka sem skemmtistaði í flokki 3 en ekki 2 eins og gert er.

Ítrekuð brot á að láta mig verða fyrir áreiti í heilsuspillandi umhverfi inná mínu eigin heimili án þess að nokkuð sé gert til að vernda mína hagi, einungis hag umrædds staðar sem virðist ekki eiga í erfiðleikum með af fá mál sín í gegn án þess að tekið sé tillit til eða gefin svör og umrædd gögn sem geta staðfest eða sýnt með óyggjandi hætti að breytingar hafi verið gerðar á umræddum stað og að mælingar sýni og staðfesti með sönnunarbyrði af hálfu staðarins undir eftirliti HER valdi ekki hávaða/ónæði fyrir íbúa hússins þar sem langtímaleyfi var gefið út eftir mikla og erfiða baráttu við HER vegna sífellds fyrirsláts, aðgerðarleysi gagnvart íbúum og langs og tímafreks ferils þeirra við að mæla út hávaða og ónæðis frá staðnum sem þeir gerðu loksins vorið/sumarið 2023 og komust að þeirri niðurstöðu að hávaði/ónæði frá staðnum væri þess eðlis að opnunartími var stytur til 22 virka daga og 23 um helgar og aðfaranætur frídaga.

Ég get ekki gefið ykkur skýr svör varðandi hvenær þessar ákvarðanir voru teknar af HER vegna þess að þeir hafa ekki svarað póstum mínum varðandi að fá gögn frá þeim og hef ég því þurft að fá umræddar uppl. af vefsíðu staðarins varðandi opnunartíma og umrætt "lúxusherbergi" þeirra og svo með að heyra umræddan hávaða magnast með lengri opnunartíma og breiðari leyfisveitingu HER.

Stjórnvald sem tók hina kærðu ákvörðun	Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur
Dagsetning ákvörðunar	21.05.2024
	Dagsetning ákvörðunar á ekki við
Kæruheimild (ef þær upplýsingar eru til staðar)	

4. Kröfugerð (hvers krefst kærandi?)

Sem dæmi má nefna krafa um að ákvörðun verði felld úr gildi eða hluta, að viðkomandi stjórnvald aðhafist, að tiltekna framkvæmdir verði stöðvaðar eða að réttaráhrifum ákvörðunar verði frestað. Tekið skal fram að úrskurðarnefndin úrskurðar um lögmæti kærðrar ákvörðunar en tekur ekki nýja ákvörðun í málinu eða breytir ákvörðunum.

Sjá meðfylgjandi kæruskjal sem er hlaðið upp í heild í lið 9. Fylgiskjalalista

Ég krefst þess að umræddur staður verði færður í flokk 3, í flokkun veitingastaða í stað flokks 2 sem hann er í núna. SKOR menn sóttu fyrst um leyfi árið 2021 fyrir skemmtistað í flokk 3 áður en þeir opnuðu staðinn en breyttu svo umsókn í flokk 2 þar sem ekki var gefið leyfi fyrir slíkum stað í fjölbýlishúsi sem samanstendur af 22 íbúðum fyrir ofan. Umfang staðarins er engu síður það sama og hefði ekki átt að veita stað með slíka starfsemi leyfi í flokk 2 vitandi að starfsemin felur í sér hávaða sem ekki samkvæmist umhverfi, stöðuga háværa tónlist og umfangsmikla áfengissölu. Staðurinn byggist upp á hávaða, sbr. hópaleiki með mikilli áfengisdrykkju þar sem fólk er hvatt til að öskra, stappa og taka áfengis skot þegar það vinnur/tapar leikjum. Hávær danstónlist er spiluð til að "peppa" fólk upp í "stuði" og drekka meira en hófi gegnir.

Umrætt "lúxusherbergi" er svo notað undir hópa þar sem þeir geta lokað sig af með hurð, stjórnað tónlist og sjónvarpi sjálf og öskrað og yfirhöfuð hegðað sér eins og villmenn án þess að starfsfólk umrædds staðar sé að fylgjast með.

Umrætt herbergi er beint fyrir neðan svefnherbergi mitt og var áður káriókiherbergi.

Að ákvörðun HER um að gefa eftir lengri opnunartíma staðarins SKOR hvort sem er til 1 að nóttu um helgar, aðfaranótt frídaga eða nýjasta frá miðvikudögum til laugardaga og aðfaranótt frídaga verði felld úr gildi þar sem engin gögn eða útskýringar styðja að sú framkvæmd sé leyfileg og einnig ekki fengið þau gögn í hendur þrátt fyrir ítrekaða pósta með kvörtunum og biðjandi um svör og uppls. frá þeirra hendi sem gætu stutt þá ákvörðun meðsonnum.

Að Farið verði í að skoða tengsl HER við umræddan stað og hversvegna þeir hafa frá opnun gefið út umrædd ítrekuð bráðabirgðaleyfi þrátt fyrir urmull kvartana íbúa og ekkert aðhafst fyrr en um seint og síðir og þá vegna fyrrum úrskurðar ÚUA vorið 2023 um að fara eftir reglum um mælingar áður en gefið sé út leyfi fyrir umræddan stað sem var kært á sínum tíma í umboði húsfélagsins.

En þar sem það leyfi var eitt af bráðabirgðaleyfum HER til SKOR fengu þeir nýtt bráðabirgðaleyfi morguninn eftir sem ætti að sýna hversu mikil "velvild" HER er til umrædds fyrirtækis á meðan íbúar eru gaslýstir og fá engar útskýringar eða svör um hvað ferlið hjá þeim sé og hversvegna það sé ítrekað hægt að breyta því eftir þóttsemi umrædds fyrirtækis af hálfu HER.

Að HER sé ítrekað að brjóta á rétti mínum um að heimili mitt sé Griðarstaður minn og að ég þurfi ekki að lifa við heilsuspillandi aðstæður svo árum skiptir með ákvörðunum sínum um að SKOR fái alltaf að njóta vafans en ekki ég. Ég þarf að flýja heimili mitt reglulega til að fá ekki taugaáfall eða þaðan af verra þar sem stanslaus taktur/bassi dúndrast upp til mín á 3 hæð hússins Kolagötu 1, og öskur, stapp og önnur mannleg hljóð frá gestum staðarins eru yfirþyrmandi. HER hefur gert það að verkum með athafnaleysi og velvild sinni til eigenda/forráðamanna staðarins að ekki er hægt að kvarta til staðar eða eigenda þar sem þeir benda ítrekað á leyfi sín frá HER, vitandi að HER aðhefst ekkert vegna hávaðakvartana og geta því hækkað tónlist eftir hentugleika svo skelfur í húsinu og gefið starfsmönnum "leyfi" fyrir dónaskap og stælum í garð "nágranna" sinna sem ekki gengi eftir ef umræddur nágranni byggji í húsinu og væri búin að fá ítrekaðar aðvaranir vegna hávaða. Þá væri hægt að krefjast þess að umræddur nágranni þyrfti að flytja úr húsinu sem ætti líka að falla undir þennan stað þar sem áhrif hans eru til þess að ég þarf að flýja heimili mitt til að verjast ágangi heilsuspillandi aðstæðna ítrekað.

Að staðurinn SKOR sé ekki með starfsemi sem falli undir veitingastað 2 sem séu umfangslitlir áfengisveitingastaðir þar sem starfsemi sé ekki til þess fallin að valda ónæði í nágrenninu með háværi tónlist og kalli ekki á mikið eftirlit eða löggæslu.

Að staður sem þessi, þ.e.a.s staður með hópaleikjum og stanslausum hávaða og háværi tónlist og umfangsmikilli áfengisdrykkju þarf að finna einhvern nýjan stuðul þar sem staður sem slíkur starfsemi fer fram virðist vera undir einhverri úrelldri löggjöf staðla hjá HER þar sem þesskonar starfsemi á ekki heima í fjöleignarhúsi þar sem fólk býr og á sitt heimili sem griðarstað. Starfsemina ætti að flokka undir skemmtistað í flokki 3 í það minnsta ef ekki er búið að breyta löggjöf fyrir nýrri tegundir veitinga/skemmtistaða sem fela í sér fullorðins leikjastarfsemi með mikilli áfengisdrykkju og hávaða sem veldur bæði líkamlega heilsuspillandi aðstæðum að búa við og eignatjóni þar sem íbúð mín er ósöluhæf með þennan stað á neðstu hæð hússins og að sama skapi verðlaus svo eignaspjöll við núverandi aðstæður eru óbætandi nema staður fari á aðra staðsetningu þar sem fólk býr ekki og á heimili fyrir ofan hann.

5. Hagsmunir kæranda/kæranda

Hvaða áhrif hefur hin kærða ákvörðun á hagsmuni kæranda/kæranda?

Heimili mitt er ekki lengur griðarstaður. Ég þarf að flýja heimili mitt vegna hávaða/ónæðis þar sem taugakerfið í mér þolir ekki á stundum meira. Ég get ekki leyft barnabörnum að gista um helgar td. vegna hávaða frá degi framá nótt.

Ég er með stanslausan kvíða, fyrir helgum/lengri opnunartíma, þar sem ég þarf að hafa sjónvarp hátt stillt til lokunar staðarins SKOR til að yfirgnæfa hávaða og get þar með aldrei farið að sofa fyrr en staði er lokað.

Aðstæður vegna hávaða/ónæðis frá stað eru að hafa mjög slæm heilsuspillandi áhrif þar sem stanslaust bank/taktur/bassi frá hljómkerti staðarins getur varað allt frá 4-5 að degi til, til 1 á nóttunni. Einnig er hávaði slíkur þegar verið er að henda stál björkútum eftir gólfum/veggjum staðarins slík að skelfur í húsinu þannig manni verður hvekkst við. Þetta gerist í tugi skipta um helgar þar sem áhersla er lögð á fleiri hundruð lítra sölu á bjór á staðnum.

Mannlegur hávaði frá fólki í drykkju kappleikjum á staðnum eru svo slæm að það er eins og að vera í stúku á kappleik inná mínu eigin heimili.

Allt ofangreint er þess eðlis að taugakerfi mitt er í sífelldu áreiti sem ekki telst eðlilegur hávaði frá umhverfi mínu og enginn ætti að þurfa að lifa við.

Staðurinn SKOR virðist hafa meira vægi hjá heilbrigðisefirliti Reykjavíkur heldur en heilsuspillandi og verðmætaryrnum almenns borgara í Reykjavík og tel ég engan vera að verja mína hagsmuni gagnvart yfirgangi bæði HER og staðarins SKOR.

Að það taki næstum 3 ár fyrir HER að finna út að staðurinn valdi mengandi og heilsuspillandi tjóni og jafnframt gefi út ítrekuð leyfi og breytingar til að aðlaga sig að þóknun staðar en ekki íbúa hlýtur að vera lögbrot. Það er verið að aðlaga leyfi og tilgangs/flokkun staðar að aðstæðum leyfishafa meðan íbúar í fjölþýli fá hvorki upplis eða andmælarétt.

Staðurinn SKOR getur flutt sig í aðra staðsetningu þar sem fólk býr ekki á hæðum fyrir ofan en ég get ekki flutt eða selt húsnæði mitt meðan staður er fyrir neðan án þess að selja á brunaútsölu vegna stórs galla á fasteign minni.

Það kom í ljós þegar íb 201 fyrir neðan mig var í söluferli og hætt var við kaupsamning vegna hávaða frá SKOR.

Einnig hefur þessi staður valdið því að þær íbúðir sem eru á 2. og 3. hæð hússins eru settar í Airbnb útleigu sem skapar bara meiri vandamál fyrir alla íbúa hússins þar sem "hótelgestir" sem gista aðeins örfáar nætur eru ekki að kvarta yfir hávaða, en nú þegar eru 7 af 10 íbúðum á þessum hæðum í skammtímaútleigu allt árið þrátt fyrir reglur um annað.

Staðurinn SKOR er bæði að valda mér fjárhagslegu tjóni með rýrnun verðmæta í eign minni þrátt fyrir hækkandi fasteignagjöld, og svo heilsuspillandi tjóni þar sem ég upplifi mikið þunglyndi og kvíða, þjargarleysi gagnvart aðstæðum sem ég er sett í án þess að geta flúið þær öðruvísi en að yfirgefa heimili mitt sífellt sem ég ætti ekki að þurfa. Og taugakerfi sem er að þrotum komið og er farið að hafa áhrif á líkamlega heilsu mína:

HER er ekki að vernda hinn almenna borgara fyrir heilsuspillandi aðstæðum, þvert á móti er búið að gefa fordæmisgefandi aðstæður með ákvörðunum þeirra í fjölþýlishúsum og gefa veitingastöðum meira vægi en hinum almenna borgara og jafnframt "skotleyfi" fyrir þeirra hönd að vega að reglum er varða hávaða, fjöleignarhús og heilsuspillandi aðstæður.

Ég lýsi yfir algeru vantrausti á HER til að fara eftir reglum varðandi starfsemi þessa staðar og tel að það sé einhversskona spilling í gangi milli HER og Regins sem á húsnæðið, og/eða SKOR manna, þar sem ég tel ekki verið farið að lögum í öllu er varðar þennan stað frá opnun, breytingu leyfa og hverskonar starfsemi staðurinn er í og sífelldri aðlögun opnunartíma staðar frá upphafi.

Annar staður með samskonar starfsemi kallaður Bullseye sem staðsettur er á Snorrabraut, gamla Austurbæ er í stakstæðu húsnæði með enga íbúa furir ofan sig og er opinn til 23 á kvöldin, líka um helgar og ætti það að vera samnburðarhæft og gefa tilefni til að þessi starfsemi á ekki heima með íbúum á efri hæðum hvaða flokki sem settur er í.

6. Kærufrestur

Hvenær (og hvernig) vissi kærandi/kærendur af hinni kærðu ákvörðun

Sjá meðfylgjandi kæruskjal sem er hlaðið upp í heild í lið 9.
Fylgiskjalalista

Vissi af langtímaleyfi nóv 23 með pósti frá Önnu hjá HER til íbúa þar sem fram kemur að hafi verið gefið út leyfi með opnun til 22 virka daga og 23 helgar og aðfaranætur frídaga. Þar kom einnig fram að káriókiherbergi væri óleyfilegt.

Aðrar ákvarðanir eftir það hef ég ekki fengið staðfest nema með einum stuttaralegum pósti í mars þegar Anna svaraði mér "Já" þegar ég spurði hvort búið væri að lengja opnunartíma þar sem ég varð vör við það. Eina ástæða sem mér var gefin var "búið var að fara í miklar framkvæmdir" á staðnum, en fékk engar meiri upplis hvaða framkvæmdir eða hvað það þýddi.

Eftir þetta og allan tímann frá langtímaleyfi nóv 23 hef ég þurft að senda kvartanir og beðið ítrekað um svör við spurningum og gögn er varða ákvarðanir á sífelldum breytingum en ekki fengið nein svör.

Nýjasta viðbót um lengingu opunar til kl 1 á nóttunni alla miðvikudaga til laugardaga er svo það sem fann sjálf á netsíðu SKOR um opnunartíma. Ekki fengið neitt frá HER þrátt fyrir ítrekaðar beiðnir/kvartanir varðandi það og HER aldrei upplýst íbúa um nokkrar af þessum breytingum að fyrra bragði.

7. Rökstuðningur fyrir kæru

Sjá að ofan.

8. Forsaga

Hefur málið áður verið kært til úrskurðarnefndarinnar eða annars stjórnvalds eða verið til meðferðar fyrir dómstólum eða hjá umboðsmanni Alþingis?

Nei

9. Fylgiskjalalisti

Fylgiskjalalisti er tölusett skrá yfir skjöl og önnur gögn. Vinsamlegast merkið gögnin í samræmi við skjalalistann. Ef kæru er skilað á sérstöku skjali (ekki fyllt út í hólfin í liðum 3-7) er það skjal einnig sett hér.

Lýsing skjals	SKOR
Númer skjals:	1
Fylgiskjal	IMG_5433.PNG

9. Fylgiskjalalisti²

Fylgiskjalalisti er tölusett skrá yfir skjöl og önnur gögn. Vinsamlegast merkið gögnin í samræmi við skjalalistann. Ef kæru er skilað á sérstöku skjali (ekki fyllt út í hólfin í liðum 3-7) er það skjal einnig sett hér.

Lýsing skjals	SKOR
Númer skjals:	2
Fylgiskjal	IMG_5434.PNG

9. Fylgiskjalalisti³

Fylgiskjalalisti er tölusett skrá yfir skjöl og önnur gögn. Vinsamlegast merkið gögnin í samræmi við skjalalistann. Ef kæru er skilað á sérstöku skjali (ekki fyllt út í hólfin í liðum 3-7) er það skjal einnig sett hér.

Lýsing skjals	SKOR
Númer skjals:	3
Fylgiskjal	IMG_5435.PNG

9. Fylgiskjalalisti⁴

Fylgiskjalalisti er tölusett skrá yfir skjöl og önnur gögn. Vinsamlegast merkið gögnin í samræmi við skjalalistann. Ef kæru er skilað á sérstöku skjali (ekki fyllt út í hólfin í liðum 3-7) er það skjal einnig sett hér.

Lýsing skjals	SKOR
Númer skjals:	4
Fylgiskjal	IMG_5436.PNG

9. Fylgiskjalalisti⁵

Fylgiskjalalisti er tölusett skrá yfir skjöl og önnur gögn. Vinsamlegast merkið gögnin í samræmi við skjalalistann. Ef kæru er skilað á sérstöku skjali (ekki fyllt út í hólfin í liðum 3-7) er það skjal einnig sett hér.

Lýsing skjals	SKOR
Númer skjals:	5
Fylgiskjal	IMG_5437.PNG

9. Fylgiskjalalisti⁶

Fylgiskjalalisti er tölusett skrá yfir skjöl og önnur gögn. Vinsamlegast merkið gögnin í samræmi við skjalalistann. Ef kæru er skilað á sérstöku skjali (ekki fyllt út í hólfin í liðum 3-7) er það skjal einnig sett hér.

Lýsing skjals	SKOR
Númer skjals:	6

9. Fylgiskjalalisti⁷

Fylgiskjalalisti er tölusett skrá yfir skjöl og önnur gögn. Vinsamlegast merkið gögnin í samræmi við skjalalistann. Ef kæru er skilað á sérstöku skjali (ekki fyllt út í hólfín í liðum 3-7) er það skjal einnig sett hér.

Lýsing skjals	SKOR
Númer skjals:	7
Fylgiskjal	IMG_5439.PNG

9. Fylgiskjalalisti⁸

Fylgiskjalalisti er tölusett skrá yfir skjöl og önnur gögn. Vinsamlegast merkið gögnin í samræmi við skjalalistann. Ef kæru er skilað á sérstöku skjali (ekki fyllt út í hólfín í liðum 3-7) er það skjal einnig sett hér.

Lýsing skjals	SKOR
Númer skjals:	8
Fylgiskjal	IMG_5440.PNG



105 REYKJAVÍK

Efni: Greinargerð Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur vegna stjórnslukæru nr. 57/2024

Með tölvupósti dags. 23. maí 2024 framsendi Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála kæru í máli nr. 57/2024 til Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur (hér eftir HER) og óskaði eftir að HER léti úrskurðanefndinni í té gögn er málið varða og einnig var HER gefinn kostur á að tjá sig um kröfuna. Veittur var frestur til að skila gögnum er málið varða og umsögn 15 daga frá dagsetningu tilkynningar um kæru. Jafnframt var upplýst um að hægt væri að óska eftir 15 daga viðbótarfresti, sbr. 5. mgr. 4. gr. laga nr. 130/2011 um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála sem HER óskaði eftir og var hann veittur til 21. júní 2024.

Málavextir:

Mál veitingastaðarins Skor að Kolagötu 1 eiga sér nokkuð langa forsögu og er vísað til fyrri greinargerða HER í kærumálum nr. 42/2023, 102/2022 og 77/2022 þar sem málsatvik eru rakin til 31. mars 2023 (fylgiskjöl 1, 2 og 3).

Þegar úrskurður Úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála (ÚUA) nr. 102/2022 var kveðinn upp þann 22. maí 2023, var rannsókn málsins enn í fullum gangi.

Í apríl 2023 voru gerðar hljóðmælingar í íbúð 201, að Kolagötu 1, sem er beint fyrir ofan karókiherbergi staðarins og fyrir neðan íbúð kæranda, íbúð 301. Hljóðmælingar með síritandi hljóðmæli stóðu yfir í íbúðinni í þrjár vikur og voru niðurstöður þær að staðurinn væri að valda ónæði í íbúð 201 (fylgiskjal 4). Fór HER fram á úrbætur í samræmi við þær niðurstöður. Rekstaraðilar Skor fóru í eigin hljóðmælingar í kjölfar mælinga HER í íbúð 201 og þann 31. maí 2023 barst HER úrbótaáætlun og tillögur til úrbóta á hljóðvist staðarins (fylgiskjöl 5 og 6).

Rekstraraðili Skor sótti um tímabundið starfsleyfi til þriggja mánaða þann 6. júní 2023 en ljóst var staðurinn næði ekki að ljúka úrbótum áður en gildistími tímabundins starfsleyfis staðarins rynni út í lok júní 2023.

Þann 27. júní 2023 veitti HER veitingastaðnum Skor tímabundið starfsleyfi til þriggja mánaða með takmörkun á hljóðstigi við 75 dB(A) í miðrými staðarins og takmarkaði opnunartíma til kl. 22 alla daga (fylgiskjöl 7 og 8). Voru þessar takmarkanir lagðar á staðinn í ljósi niðurstaðna hljóðmælinga í íbúð 201 sem staðfestu með óyggjandi hætti ónæði frá staðnum. Einnig var rekstraraðili upplýstur um að takmörkunum yrði ekki aflétt fyrir en HER hefði staðfest að úrbætur hefðu skilað tilætluðum árangri (fylgiskjal 9).

Þann 26. júlí 2023 upplýsti rekstraraðili Skor um að úrbótum væri lokið (fylgiskjal 10) og óskaði eftir að HER kæmi til hljóðmælinga til að staðfesta úrbæturnar. Heilbrigðiseftirlitið



var í sambandi við íbúðareigendur til að komast til hljóðmælinga í íbúðum 201 og 205, en treglega gekk að fá svör og finna tíma. Íbúð 201 var komin í útleigu og íbúðareigendur að íbúð 205 voru í sumarfríum á þessum tíma.

Þann 30. ágúst 2023 fór HER í eftirlit á Skor og kannaði úrbætur á hljóðvist. Komin voru teppi undir bjórkúta, úrbætur höfðu verið gerðar skv. ráðleggingum hljóðsérfræðings Skor en frágangur í lofti staðarins var óbreyttur að sjá. HER setti upp síritandi hljóðmælir á staðnum (fylgiskjal 11).

Þann 15. september 2023 fór Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur til hljóðmælinga og skynmats í íbúðum 201 og 205 að Kolagötu 1. Eftirlitið fór fram á opnunartíma Skor og sýndu niðurstöður eftirlitsins að þær úrbætur sem staðurinn hafði ráðist í uppfylltu ekki hljóðeinangrun milli hæða. Hljóðstig staðarins breytist eftir tíma sólarhrings en með auknum gestafjölda eykst ónæði. Hljóðmælir staðsettur í meginrými Skor sýndi að hljóðstig fór almennt vaxandi eftir því sem leið á kvöldið. Ónæði og hávaði sem stafar frá starfsemi staðarins var metið heilsuspillandi í íbúðum, bæði íbúð sem er beint fyrir ofan karókiherbergið þar sem að greinilegur söngur heyrir frá karókiherbergi og íbúð sem er staðsett yfir miðrými staðarins þar sem hróp, köll og skellir heyrast frá almennri starfsemi Skor (fylgiskjal 12).

Þann 21. september 2023 sótti rekstraraðili Skor um starfsleyfi til 12 ára.

Þann 26. september 2023 tók HER ákvörðun um að framlengja gildistíma tímabundins starfsleyfis frá 30. júní til 15. nóvember 2023 með sömu skilyrðum og takmörkunum á opnunartíma þ.e. *til kl. 22 sunnudaga til fimmtudaga og til klukkan 23 föstudaga, laugardaga og aðfaranætur frídaga*. Afgreiðslu fyrirbyggjandi umsóknar um starfsleyfi til 12 ára var aftur á móti frestað þar sem hljóðmælingar höfðu ekki farið fram í íbúð 205. Hljóðmælingar og skynmat fór fram í íbúð 205 þann 29. september 2023 og var síðan unnin meðfylgjandi hljóðskýrsla út frá gögnum sem safnað var við heimsóknir í íbúðir 201 og 205. Helstu niðurstöður voru að enn var ónæði í íbúðum 201 og 205, sem stafaði frá starfsemi Skor. Í íbúð 201 mátti greina söng gesta í karókiherbergi en í báðum íbúðum heyrðust hróp eða köll frá gestum, sjá nánar í skýrslu meðfylgjandi greinargerð þessari (fylgiskjal 12).

Þann 14. nóvember var sendur tölvupóstur á íbúðareigendur og húsfélag Kolagötu 1 varðandi fyrirhugaða veitingu 12 ára starfsleyfis til Skor (fylgiskjal 13). Ekki bárust athugasemdir til HER frá íbúum Kolagötu 1 vegna fyrirhugaðrar ákvörðunar um veitingu 12 ára starfsleyfis til Skor með neðangreindum takmörkunum. Frá apríl 2023 fram til 15. nóvember 2023 bárust 45 kvartanir frá íbúum Kolagötu 1 vegna starfsemi Skor.

Á afgreiðslufundi Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur þann 15. nóvember 2023 var samþykkt að veita Skor starfsleyfi til 12 ára með *Starfsleyfisskilyrðum heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir samkomustaði og Sértekum starfsleyfisskilyrðum Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur fyrir Skor að Geirsgötu 2*. Til að takmarka ónæði í nærliggjandi íbúðabyggð var opnunartími staðarins takmarkaður við kl. 22 sunnudaga til fimmtudaga og til klukkan 23 föstudaga, laugardaga og aðfaranætur frídaga. Af sömu ástæðu voru eftirfarandi takmarkanir gerðar á starfsemi staðarins: Jafngildishljóðstig tónlistar í miðrými skyldi ekki fara yfir 80 dB(A) og hljóðkerfi skyldi vera með búnað til að fyrirbyggja að það geti spilað hærra hljóðstig en leyfilegt er. Notkun á karókiherbergis staðarins var ekki heimil (fylgiskjöl 14, 15 og 16).





Þann 10. janúar 2024 upplýsti rekstraraðili Skor HER um að ráðist hefði verið í umfangsmiklar

hljóðeinangrandi framkvæmdir á staðnum og sótti um breytingar á starfsleyfi þ.e. að takmörkunum HER yrði aflétt og opnunartími yrði til samræmis við heimilaðan opnunartíma skipulagsyfirvalda á svæðinu sem er til kl. 23 virka daga og til kl. 01:00 um helgar. Einnig var óskað eftir þeirri breytingu að heimila notkun á kariókiherbergi (hér eftir sérherbergi) staðarins sem sérherbergi fyrir einkapíluspil (fylgiskjöl 17, 18, 19, 20, 21, 22 og 23).

Þann 14. febrúar fór HER í eftirlit á Skor til að taka út þær úrbætur sem lýst var í starfsleyfisumsókn. Staðfest var að úrbætur höfðu verið gerðar á hljóðeinangrun í miðrými veitingastaðarins, sérstaklega undir íbúðum með hljóðeinaangrandi hljóðísogspötum. Þá höfðu verið gerðar úrbætur á sérherbergi; loftræstingu og breytingar á hljóðkerfi í sérherbergi. Í eftirliti kom fram að úrbótum væri ekki að fullu lokið (fylgiskjal 24).

Á afgreiðslufundi HER þann 27. febrúar sl. var samþykkt að aflétta takmörkunum að hluta og heimila þar með opnunartíma staðarins til kl. 23:00 *sunnudaga til fimmtudaga og til klukkan 01:00 aðfaranætur laugardaga, sunnudaga og aðfaranætur frídaga sem er sá opnunartími sem heimilaður er í skipulagi Reykjavíkurborgar fyrir veitingastaði á þessu svæði. Til að lágmarka ónæði í nærliggjandi íbúðabyggð voru eftirfarandi takmarkanir settar á starfsemi staðarins:* • 60 mínútna jafngildishljóðstig tónlistar í miðrými skal ekki fara yfir 80 dB(A) og hljóðkerfi skal vera með búnað til að fyrirbyggja hægt sé að spila hærra hljóðstig en leyfilegt er. • Opnunartími sérherbergis staðarins er takmarkaður við kl. 00:00 aðfaranætur laugardaga, sunnudaga og aðfaranætur frídaga. Þá skyldi ástundun pílu á staðnum miðast við sömu tímamörk.

Kariókístarfsemi í sérherbergi staðarins var óheimil. Önnur starfsemi var heimiluð með takmörkun á opnunartíma sérherbergis. Starfsleyfið og sértæk starfsleyfisskilyrði HER fyrir Skor að Geirsgötu 2, útgefin og dagsett 27. febrúar 2024, eru hér meðfylgjandi (fylgiskjöl 25 og 26).

Þann 13. febrúar sl. fékk kærandi upplýsingar frá HER um að Skor hefði sótt um leyfi til notkunar á sérherberginu (áður karókiherbergi) (fylgiskjal 27) og þann 1. mars sl. fékk kærandi jafnframt upplýsingar um að opnunartími staðarins hefði verið rýmkaður (fylgiskjal 28).

Frá 15. nóvember til 27. febrúar bárust HER 11 kvartanir frá íbúum Kolagötu 1 vegna hávaða frá Skor. Á sama tíma bárust einnig 3 kvartanir frá rekstraraðila Skor vegna áreitiss frá íbúa í íbúð 301.

Þann 9. apríl 2024 var haldinn fundur með íbúum Kolagötu. Voru á fundinum raktar málsástæður og sjónarmiðum komið á framfæri. Íbúar telja lífsgæði sín skert vegna ónæðis og lyktarmengunar frá Skor og telja þær úrbætur sem rekstraraðili hafi ráðist í ekki nægar. Á fundinum var einnig farið yfir þær rannsóknir sem HER hefur gert og þær takmarkanir sem settar hafa verið á Skor ásamt því að íbúum var leiðbeint um farveg sinna mála.

Kröfugerð kæranda:

Kröfugerð kæranda er útlistuð í kæru en verður að telja mörg kærutriði óljós. Af kæru mætti ráða að kærandi fari aðallega fram á að Úrskurðarnefnd um umhverfis og auðlindamál ógildi með úrskurði ofangreinda ákvörðun HER um að aflétta takmörkunum á opnunartíma staðarins.

Kærandi krefst einnig að veitingastaðurinn verði færður úr flokki II í flokk III. Þá telur kærandi upplýsingagjöf HER ábótavant.





Kröfugerð HER:

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur fer aðallega fram á að kæru þessari verði vísað frá þar sem kærufrestur er liðinn skv. 2. mgr. 4. gr. laga nr. 130/2011.

Verði kæran tekin til efnismeðferðar gerir HER áskilnað um nánari afmörkun kærutriða svo hægt verði að gera grein fyrir málsástæðum og lagarökum HER.

Málsástæður og lagarök kæranda:

Málsástæður kæranda koma fram í kæru, dags. 22. maí 2024 og byggja einkum á að rýmkun á opnunartíma staðarins verði endurskoðuð eða felld úr gildi. Krafa byggist almennt á að starfsemi Skor valdi skerðingu á lífsgæðum, ásamt andlegri og líkamlegri heilsu kæranda og vísar því til laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Að auki er óskað eftir að færa rekstrarleyfi staðarins úr flokki II í flokk III sbr. lög nr. 85/2007 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald, með síðari breytingum, og reglugerð nr. 1277/2016 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald, með síðari breytingum.

Þá telur kærandi upplýsingagjöf HER ábótavant og vísar til að erindum sé ekki svarað og gögn ekki afhent sbr. upplýsingalög nr. 50/1996.

Málsástæður og lagarök HER:

Kæra til Úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála barst nefndinni 22. maí s.l. HER tók ákvörðun um rýmkun opnunartíma Skor þann 27. febrúar s.l. og var starfsleyfi gefið út fyrir staðinn að nýju vegna breytinga á starfsemi. Af gögnum málsins má ráða að kærandi var upplýstur um ákvörðunina þann 1. mars 2024. Er því kærufrestur liðinn, skv. 2. mgr. 4. gr. laga nr. 130/2011.

Fallist nefndin ekki á frávísun krefst HER að kröfum kæranda verði hafnað á grundvelli þeirra málsástæðna og lagaraka sem útlustuð er hér að neðan.

Athugasemdir HER:

Forsaga málsins er töluverð og var hún reifuð ítarlega í greinargerð HER sem send var til ÚUA þann 14. október 2022 vegna stjórnarsýslukæru nr. 102/2022 sem að lauk með úrskurði sem birtur var á heimasíðu ÚUA þann 30. mars sl. og vísast til hennar (fylgiskjal 2). Ennfremur var málið reifað áfram í greinargerð HER sem send var til ÚUA þann 10. maí 2024 vegna stjórnarsýslukæru nr. 42/2023 og vísast einnig til hennar (fylgiskjal 1).

Það skal ítrekað að meginhlutverk heilbrigðiseftirlits er að gefa út starfsleyfi skv. lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, og lögum nr. 93/1995 um matvæli, með síðari breytingum, ásamt því að fara með eftirlit með þeirri löggjöf.

Eins og fram kemur í fyrri greinargerðum kemur flokkun veitingastaða í flokk II og flokk III fram á rekstarleyfum veitingastaða en þau eru gefin út skv. lögum um nr. 85/2007 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald, með síðari breytingum, og reglugerð nr. 1277/2016 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald, með síðari breytingum. Sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu gefur út rekstrarleyfi eftir að hafa leitað umsagna hlutaðeigandi sveitarstjórnar, slökkviliðs, heilbrigðisnefndar, byggingarfulltrúa, vinnueftirlits og lögreglu. Úrskurðarnefnd umhverfis og auðlindamála hefur þegar staðfest að flokkun veitingastaðarins í flokk II samrýmist deiliskipulags svæðisins og búsetu í húsinu og telur





Kærandi kveðst í kærinni ekki hafa fengið upplýsingar um ákvarðanir HER varðandi Skor frá því í nóvember 2023. Af fylgiskjali 27 má ráða að HER upplýsti kæranda um að rekstaraðili Skor hefði sótt um leyfi til notkunar á sérherberginu (áður karókíherbergi) og eins fékk kærandi upplýsingar um að opnunartími staðarins hefði verið rýmkaður þann 1. mars sl.

Hvað varðar upplýsingagjöf almennt þá hefur HER verið í sambandi við deiluaðila ítrekað síðan málið hófst í janúar 2022, bæði rekstraraðila sem og íbúa. HER hefur oftast en einu sinni fundað með íbúum, nú síðast þann 9. apríl sl. Samskipti hafa verið virk, bæði gegnum kvartanir sem og sjálfstæðar rannsóknir HER á málinu.

Í framhaldi af þeim breytingum sem rekstaraðili Skor sótti um þann 10. janúar sl. fór HER í eftirlit á Skor þann 14. febrúar 2024 til að taka út téðar úrbætur. Úrbætur voru staðfestar í eftirlitinu og þó að þeim væri ekki að fullu lokið var það mat HER að þær væru að draga verulega úr því ónæði sem íbúar yrðu fyrir vegna hrópa og kalla frá gestum staðarins. Breytingar á starfsemi í sérherbergi, úrbætur á hljóðvist, uppsetning hljóðgildra, minni hátalara og hljóðkerfis voru til þess fallnar að hindra að hljóð bærst út úr sérherberginu. Niðurstöður úttektar HER, ásamt skoðun fyrirliggjandi gagna lágu til grundvallar því að á afgreiðslufundi HER þann 27. febrúar sl. var samþykkt að aflétta takmörkunum að hluta og að heimila þar með opnunartíma Skor til kl. 23:00 sunnudaga til fimmtudaga og til klukkan 01:00 aðfaranætur laugardaga, sunnudaga og aðfaranætur frídaga. Vógu sjónarmið meðalhófs, ítrekaðra kvartana og niðurstöður hljóðmælinga þungt í ákvörðunum um takmarkanir á starfssemi staðarins.

Í þessu samhengi er vert að benda á að HER hefur ítrekað farið í íbúð kæranda á 3. hæð (301) til hljóðmælinga en skynmat í íbúðinni ekki gefið ástæðu til að framkvæma hljóðmælingar. Við skynmat í íbúð 301 hafa heilbrigðisfulltrúar ekki getað greint hávaða og ónæði frá Skor. Eins og fram kemur í hljóðmælingaskýrslu var í heimsókn 29. september 2023 farið í íbúð kæranda til skynmats og þá var ekki hægt að greina hljóð þar sem mátti rekja til staðarins. Á sama tíma var í gangi hljóðmæling og skynmat í íbúð á 2. hæð, íbúð 205 og heyrðust þar greinilega fagnaðarlæti og köll frá veitingastaðnum meðan að ómur frá tónlist var lítill.

Gögn sem fylgja kærinni, skjáskot af heimasíðu Skor, sýna opnunartíma staðarins skráðan til kl. 01 miðvikudaga til sunnudaga. Kærandi sendi þessar upplýsingar einnig á HER og taldi HER hafa breytt opnunartíma staðarins (fylgiskjal 29). HER staðfesti upplýsingar af skjáskotum með eigin rannsóknum og upplýsti kæranda með tölvupósti þann 29. maí að engar breytingar hefðu verið gerðar á starfsleyfi Skor né heimilað annan opnunartíma frá því núgildandi starfsleyfi var gefið út þann 27. febrúar sl. Við skoðun HER á heimasíðu SKOR þann 29. maí sl. hafði opnunartíma verið breytt og voru þá upplýsingar um opnunartíma til samræmis við gildandi opnunartíma staðarins (fylgiskjal 30). Engar ábendingar bárust til HER um að Skor hefði farið út fyrir opnunartímamann hvorki frá lögreglu né íbúum að Kolagötu 1.

HER hafnar ásökunum um að stofnunin dragi taum rekstraraðila. HER einsetur sér að vinna mál ávallt af fagmennsku og með vandaða og góða stjórnsýsluhætti að leiðarljósi. HER er bundið af lögum og þarf, eins og hefur verið gert, að hafa hagsmuni allra aðila að leiðarljósi



þar sem allir aðilar hafa hagnuna að gæta, þ.e íbúar og rekstaraðili.

Málið hefur verið í virki rannsókn hjá HER allan tímann og bent skal á að málið er enn í virkri rannsókn bæði á hljóðvist og lyktarmengun.

Samantekt:

Samkvæmt 2. mgr. 4. gr. laga nr. 130/2011 um úrskurðarnefnd umhverfis og auðlindamála er kærufrestur til úrskurðarnefndarinnar einn mánuður frá því kæranda varð kunnugt um eða mátti vera kunnugt um ákvörðunina. Kæra í máli þessu barst nefndinni 22. maí 2024, en af gögnum málsins verður ráðið að kæranda varð kunnugt eða mátti vera kunnugt um ákvörðunina í mars sama ár. Er því kærufrestur liðinn og er aðalkrafa HER frávísun á þeim grundvelli.

Ella krefst HER þess að kærinni verði hafnað á grundvelli þeirra málsástæðna og lagaraka sem eru útlístuð hér í umsögn HER.

Áskilnaður:

Taki nefndin málið til skoðunar á grundvelli annarra málsástæðna en fram koma í kæru og í umsögn þessari, er þess óskað eftir því að kærutridin verði afmörkuð nánar, og að HER verði gert kleift að tjá sig um þær áður en til úrskurðar í málinu kemur.

Fylgiskjöl:

1. Greinargerð Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur vegna stjórnslukæru nr. 42/2023 þar sem kærð er ákvörðun Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur að gefa út tímabundið starfsleyfi fyrir veitingastaðinn Skor að Geirsgötu 2-4, dags. 9. maí 2023. Merkt F1.
2. Greinargerð Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur vegna stjórnslukæru nr. 102/2022 þar sem kærð er ákvörðun Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur að gefa út starfsleyfi fyrir veitingastaðinn Skor að Geirsgötu 2-4, dags. 14. október 2022. Merkt F2.
3. Greinargerð vegna stjórnslukæru Bonafide-lögmanna nr. 77/2022 f.h. stjórnar húsfélags Geirsgötu 2-4 og tiltekinna eigenda íbúða að Kolagötu 1 og 3 þar sem kærð er ákvörðun Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur að gefa út tímabundið starfsleyfi fyrir veitingastaðinn Skor að Geirsgötu 2-4, dags. 28. júlí 2022. Merkt F3.
4. Hljóðmælingar Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur í íbúð 201 að Kolagötu 1 sem stóðu yfir frá 5. apríl-26. apríl 2023. Merkt F4.
5. Tölvupóstur rekstaraðila Skor til HER þar sem fram kemur aðgerðaáætlun um úrbætur á hljóðvist dags. 31. maí 2023. Merkt F5.
6. Fylgiskjal með tölvupósti rekstraraðila Skor, úrbótatillögur frá Myrru hljóðráðgjöf, dags. 30. maí 2023. Merkt F6.
7. Tímabundið starfsleyfi fyrir Skor, gefið út 27. júní 2023. Merkt F7.
8. Sértek starfsleyfisskilyrði Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur fyrir Skor að Geirsgötu 2, gefin út 27. júní 2023. Merkt F8.
9. Tölvupóstur HER til rekstraraðila Skor vegna úrbótaáætlunar vegna hljóðvistar á staðnum, dags. 7. júní 2023. Merkt F9.
10. Tölvupóstur frá rekstraraðila Skor um að úrbótum sé lokið, dags. 26. júlí 2023. Merkt F10.
11. Eftirlitsskýrsla HER vegna eftirlits á Skor, þann 30. ágúst 2023. Merkt F11.
12. Eftirlitsskýrsla HER fyrir eftirlit að Kolagötu 1, íbúð 201 og 205, vegna kvartana um hávaða. Eftirlit fór fram 15. september og 29. september 2023. Merkt F12.





13. Tölvupóstur til íbúa Kolagötu 1 vegna fyrirhugaðrar veitingu starfsleyfis Skor til 12 ára með takmörkunum, dags. 14. nóvember 2023. Merkt F13.
14. Bókun af afgreiðslufundi Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur þann 15. nóvember 2023. Merkt F14.
15. Starfsleyfi fyrir Skor, gefið út þann 15. nóvember 2023. Merkt F15.
16. Sértek starfsleyfisskilyrði Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur fyrir Skor að Geirsgötu 2, gefin út 15. nóvember 2023. Merkt F16.
17. Tölvupóstur frá rekstraraðila Skor þar sem sótt er um breytingar á starfsleyfi Skor, dags. 10. janúar 2024. Merkt F17.
18. Umsókn Rollsins ehf. um starfsleyfi fyrir Skor, dags. 10. janúar 2024. Merkt F18.
19. Fylgiskjal með leyfisumsókn Skor, ódags. Merkt F19.
20. Fylgiskjal með leyfisumsókn Skor - gagnablað um hljóðisogsvirkni hljóðisogsplata. Merkt F20.
21. Fylgiskjal með leyfisumsókn Skor – gagnablað um hljóðisogsvirkni hljóðisogsplata. Merkt F21.
22. Fylgiskjal með leyfisumsókn Skor - grein um gagnsemi hljóðdeyfiaðgerða. Merkt 22.
23. Fylgiskjal 3 með leyfisumsókn Skor. Merkt F23.
24. Eftirlitsskýrsla HER vegna eftirlits á Skor, þann 14. febrúar 2024. Merkt F24.
25. Starfsleyfi fyrir Skor, gefið út þann 27. febrúar 2024. Merkt F25.
26. Sértek starfsleyfisskilyrði Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur fyrir Skor að Geirsgötu 2, gefin út 27. febrúar 2024. Merkt F26.
27. Tölvupóstssamskipti kæranda og HER þar sem kærandi er upplýstur um að Skor hafi sótt um leyfi til notkunar á sérherbergi dags. 13. febrúar 2024. Merkt F27.
28. Upplýsingapóstur til kæranda varðandi rýmkaðan opnunartíma Skor, dags. 01. mars 2024. Merkt F28.
29. Tölvupóstur frá kæranda sem óskar skýringa HER á breyttum opnunartíma Skor, skv. heimasíðu staðarins, dags. 20. maí 2024. Merkt F29.
30. Tölvupóstur frá HER til kæranda með upplýsingum sem kærandi hafði óskað eftir, dags. 29. maí 2024. Merkt F30.

Virðingarfyllst
f.h. Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur


Anna Jóhannesdóttir
Heilbrigðisfulltrúi

Afrit/Samrit sent:

Afrit/Samrit sent:



57/2024 Skor

Árið 2024, miðvikudaginn 24. júlí, kom úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála saman til fundar í húsnæði nefndarinnar að Borgartúni 21, Reykjavík. Mætt voru Ómar Stefánsson varaformaður, Karólína Finnbjörnsdóttir lögmaður og Þorsteinn Þorsteinsson byggingarverkfræðingur.

Fyrir var tekið mál nr. 57/2024, kæra á ákvörðun Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur frá 27. febrúar 2024 um að aflétta takmörkunum á opnunartíma samkvæmt starfsleyfi fyrir veitingastaðinn Skor, Geirsgötu 2–4.

Í málinu er nú kveðinn upp svofelldur

úrskurður:

Með bréfi til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, dags. 22. maí 2024, er barst nefndinni sama dag, kærir eigandi íbúðar 301 í fasteigninni að Kolagötu 1, Reykjavík, þá ákvörðun Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur frá 27. febrúar s.á. að aflétta takmörkunum á opnunartíma samkvæmt starfsleyfi fyrir veitingastaðinn Skor, Geirsgötu 2–4. Er þess krafist að ákvörðunin verði felld úr gildi.

Gögn málsins bárust úrskurðarnefndinni frá Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur 21. júní 2024.

Málavextir: Mál þetta á sér þó nokkra forsögu. Hinn 29. mars 2023 kvað úrskurðarnefndin upp úrskurð í máli nr. 102/2022 þar sem felld var úr gildi starfsleyfi til 12 ára til að reka veitingastað í flokki II að Geirsgötu 2–4, sem gefið var út af Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur 5. ágúst 2022. Var niðurstaðan á því byggð að undirbúningi og rannsókn hinnar kærðu ákvörðunar hafi verið hagað með þeim hætti að ekki hafi verið uppfyllt skilyrði 10. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993.

Hinn 31. mars s.á. var rekstraraðila veitingastaðarins Skor veitt tímabundið starfsleyfi til óbreytts reksturs veitingastaðarins til þriggja mánaða meðan brugðist væri við fyrrgreindum úrskurði nefndarinnar. Með úrskurði í máli nr. 42/2023 hafnaði úrskurðarnefndin kröfu um að hið tímabundna starfsleyfi yrði felld úr gildi þar sem fallist var á að til þess að uppfylla rannsóknarskyldu hafi heilbrigðiseftirlitinu reynst nauðsynlegt að gefa út tímabundið starfsleyfi. Unnið væri að framkvæmd hávaðamælinga og greiningu niðurstaðna úr þeim. Ljóst væri að þær mælingar yrðu grundvöllur ákvörðunar um það hvort starfsleyfi til veitingastaðarins yrði gefið út til lengri tíma eða ekki.

Í apríl 2023 voru gerðar hljóðmælingar í íbúð 201 að Kolagötu 1 með síritandi hljóðmæli og stóðu þær yfir í þrjár vikur. Voru niðurstöður mælinganna þær að aðstæður í íbúðinni væru metnar heilsuspillandi. Hinn 31. maí s.á. barst Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur úrbótaáætlun frá rekstraraðila sem sótti í framhaldinu um tímabundið starfsleyfi þar sem fyrir lá að ekki næðist að ljúka úrbótum áður en gildistími tímabundins starfsleyfis staðarins frá 31. mars 2023 rynni út í lok júní s.á.

Heilbrigðiseftirlitið varð við beiðni rekstraraðila og veitti veitingastaðnum tímabundið starfsleyfi 27. júní s.á. til þriggja mánaða með takmörkun á hljóðstigi við 75 dB(A) í miðrymi staðarins og takmarkaði opnunartíma til kl. 22:00 alla daga vikunnar. Var

rekstraraðili upplýstur um að takmörkunum yrði ekki aflétt fyrr en hægt væri að staðfesta að úrbætur hefðu skilað tilætluðum árangri. Hinn 26. júlí s.á. lýsti rekstraraðili Skors því yfir að úrbótum væri lokið og óskaði eftir að heilbrigðiseftirlitið kæmi til hljóðmælinga til að staðfesta úrbæturnar. Heilbrigðiseftirlitið hafði samband við eigendur íbúða 201 og 205 að Kolagötu 1, en íbúð 201 var komin í útleigu og eigendur íbúðar 205 voru í sumarleyfi. Fór Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur hinn 30. ágúst 2023 í eftirlit á veitingastaðinn Skor og kannaði úrbætur á hljóðvist. Komin voru teppi undir bjórkúta, úrbætur höfðu verið gerðar samkvæmt ráðleggingum hljóðsérfræðings staðarins en frágangur í lofti óbreyttur að sjá. Settur var upp síritandi hljóðmælir í miðrými staðarins.

Heilbrigðiseftirlitið fór til hljóðmælinga og skynmats í íbúðum 201 og 205 að Kolagötu 1 hinn 15. september 2023. Sýndu niðurstöður þeirra mælinga að þær úrbætur sem rekstraraðili hafði ráðist í uppfylltu ekki kröfur um hljóðeinangrun milli hæða. Hljóðstig veitingastaðarins jókst með auknum gestafjölda og hljóðmælir staðsettur í meginrými staðarins sýndi að hljóðstig fór almennt vaxandi eftir því sem leið á kvöldið. Var ónæði og hávaði metinn heilsuspillandi í báðum íbúðum. Í íbúð 201 mátti greina söng gesta í karókiherbergi og í íbúð sem staðsett er yfir miðrými staðarins mátti heyra hróp, köll og skelli frá starfsemi.

Rekstraraðili sótti um starfsleyfi til 12 ára hinn 21. september 2023 og 26. s.m. tók heilbrigðiseftirlitið ákvörðun um að framlengja gildistíma tímabundins starfsleyfis frá 30. júní til 15. nóvember s.á. með sömu skilyrðum og takmörkunum á opnunartíma, þ.e. til kl. 22:00 sunnudaga til fimmtudaga og til kl. 23:00 föstudaga, laugardaga og aðfaranætur frídaga. Afgreiðslu fyrirbyggjandi umsóknar um starfsleyfi til 12 ára var frestað þar sem hljóðmælingar höfðu ekki farið fram í íbúð 205. Hljóðmælingar og skynmat fóru fram í íbúðinni hinn 29. september 2023 og var unnin hljóðskýrsla út frá gögnum sem safnað var við heimsóknir í íbúðir 201 og 205. Helstu niðurstöður voru að enn væri ónæði í íbúðunum. Í íbúð 201 mátti heyra söng gesta í karókiherbergi og í báðum íbúðunum heyrðust hróp og köll frá gestum.

Hinn 14. nóvember 2023 sendi heilbrigðiseftirlitið tölvupóst á íbúðaeigendur og húsfélag Kolagötu 1 varðandi fyrirhugaða veitingu starfsleyfis fyrir Skor til 12 ára með þeim takmörkunum að opnunartími væri til kl. 22:00 sunnudaga til fimmtudaga og til kl. 23:00 föstudaga, laugardaga og aðfaranætur frídaga. Ekki bárust athugasemdir frá íbúum Kolagötu 1 vegna hinnar fyrirhuguðu ákvörðunar. Frá apríl 2023 til 15. nóvember s.á. bárust 45 kvartanir frá íbúum Kolagötu 1 vegna starfsemi Skors. Á afgreiðslufundi Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur 15. nóvember s.á. var samþykkt að veita Skor starfsleyfi til 12 ára með starfsleyfisskilyrðum fyrir samkomustaði og sértækum starfsleyfisskilyrðum fyrir Skor að Geirsgötu 2. Til að takmarka ónæði voru gerðar kröfur um að jafngildishljóðstig tónlistar í miðrými skyldi ekki fara yfir 80 dB(A) og hljóðkerfi skyldi vera með búnað til að fyrirbyggja að það gæti gefið af sér hærra hljóðstig en leyfilegt væri. Notkun karókiherbergis staðarins var ekki lengur heimil.

Hinn 10. janúar 2024 upplýsti rekstraraðili Skors að ráðist hefði verið í umfangsmiklar hljóðeinangrandi aðgerðir á staðnum og sótti um að aflétt yrði takmörkunum og opnunartími yrði til samræmis við heimilaðan opnunartíma skipulagsyfirvalda á svæðinu, sem er til kl. 23:00 alla virka daga og til kl. 01:00 um helgar. Einnig var óskað eftir að heimiluð yrði notkun á karókiherbergi sem sérherbergi fyrir píluspil. Heilbrigðiseftirlitið fór í eftirlit á Skor 14. febrúar s.á. til að taka út þær úrbætur sem lýst var í umsókn um breytingu á starfsleyfi staðarins. Staðfest var að úrbætur höfðu verið gerðar á hljóðeinangrun í miðrými staðarins, sérstaklega undir íbúðum með hljóðeinangrandi ísogsplötum. Einnig höfðu verið gerðar úrbætur á loftræsingum og hljóðkerfi í sérherbergi. Við eftirlitið kom fram að úrbótum væri ekki að fullu lokið.

Á afgreiðslufundi heilbrigðiseftirlitsins 27. febrúar 2024 var samþykkt að aflétta takmörkunum að hluta og heimila opnunartíma Skors til kl. 23:00 sunnudaga til fimmtudaga og til kl. 01:00 aðfaranætur laugardaga, sunnudaga og frídaga, sem er sami opnunartími og heimilaður er í skipulagi Reykjavíkurborgar fyrir veitingastaði á þessu svæði. Til að lágmarka ónæði í nærliggjandi íbúðabyggð voru eftirfarandi takmarkanir settar á starfsemi staðarins: 60 mínútna jafngildishljóðstig tónlistar í miðrými skuli ekki fara yfir 80 dB(A) og hljóðkerfi skuli vera með búnað til að fyrirbyggja að hægt sé að spila hærra hljóðstig en leyfilegt er.

Opnunartími sérherbergis var takmarkaður til kl. 00:00 aðfaranætur laugardaga, sunnudaga og frídaga. Ástundun pílukasts á staðnum skyldi miðast við sömu tímamörk. Karóíkístarfsemi í sérherbergi staðarins var óheimil. Önnur starfsemi var heimiluð með takmörkunum á opnunartíma sérherbergis.

Málsrök kæranda: Kærandi leggur áherslu á að umræddur staður eigi að vera færður í flokk III í flokkun veitingastaða í stað flokks II sem hann er í núna. Starfsemin byggist upp á hávaða sem meðal annars feli í sér hópaleiki með mikilli áfengisdrykkju þar sem fólk er hvatt til að öskra, stappa og taka áfengisskot þegar það vinnur/tapar leikjum. Hávær danstónlist sé spiluð til að „peppa“ fólk upp í „stuði“ og drekka meira en hófi gegnir. Umrætt „lúxusherbergi“ sé svo notað undir hópa þar sem þeir geta lokað sig af með hurð, stjórnað sjálf tónlist og sjónvarpi og öskrað án þess að starfsfólk umrædds staðar sé að fylgjast með. Umrætt herbergi sé beint fyrir neðan svefnherbergi kæranda og var áður karóíkíherbergi.

Engin gögn eða útskýringar styðji þá framkvæmd að lengja opnunartíma staðarins til kl. 01:00 að nóttu um helgar og aðfaranætur frídaga. Samkvæmt nýjustu upplýsingum sé umræddur opnunartími til kl. 01:00 frá miðvikudögum til laugardaga og aðfaranætur frídaga. Þrátt fyrir ítrekaða pósta með kvörtunum og óskum um svör og upplýsingar hafi engin gögn borist sem stutt gætu framangreinda ákvörðun heilbrigðiseftirlitsins

Óskað sé eftir að skoðuð verði tengsl heilbrigðiseftirlitsins við umræddan stað og hvers vegna, allt frá opnun staðarins, hafi ítrekað verið gefin út bráðabirgðaleyfi, þrátt fyrir urmul kvartana íbúa og ekkert aðhafst fyrr en seint og um síðir og þá vegna fyrrum úrskurðar nefndarinnar vorið 2023. Heilbrigðiseftirlitið sé ítrekað að brjóta á rétti kæranda um að þurfa ekki að lifa við heilsuspillandi aðstæður svo árum skiptir og þurfi kærandi reglulega að flýja eigið heimili til að vernda eigin heilsu. Frá staðnum berist stanslaus bassataktur sem ómi upp í íbúð kæranda ásamt öskrum, stappi og öðrum hljóðum frá gestum staðarins.

Ekki sé hægt að beina kvörtunum til staðarins eða eigenda þar sem þeir bendi ítrekað á leyfi sín frá heilbrigðiseftirlitinu, vitandi að ekkert sé aðhafst vegna hávaðakvartana. Staðurinn Skor sé ekki með starfsemi sem falli undir veitingastað í flokki II, sem séu umfangslitlir áfengisveitingastaðir þar sem starfsemi er ekki til þess fallin að valda ónæði í nágrenninu með háværrri tónlist og kalli ekki á mikið eftirlit eða löggæslu. Stað sem þessum, þar sem stundaðir eru hópaleikir með stanslausum hávaða og háværrri tónlist ásamt umfangsmikilli áfengisdrykkju, þurfi þá að finna einhvern nýjan stuðul. Starfsemina ætti að flokka undir skemmtistað í flokki III í það minnsta ef ekki sé búið að breyta löggjöf fyrir nýrri tegundir veitinga/skemmtistaða sem feli í sér leikjastarfsemi með mikilli áfengisdrykkju og hávaða sem valdi bæði líkamlega heilsuspillandi aðstæðum og eignatjóni þar sem íbúð kæranda sé ósöluhæf við núverandi aðstæður.

Nauðsynlegt sé að hafa sjónvarp heimilisins hátt stillt allt til lokunar staðarins til að yfirgnæfa hávaða og ekki sé hægt að fara að sofa fyrr en eftir lokunartíma staðarins. Aðstæður vegna hávaða frá staðnum séu að hafa mjög slæm heilsuspillandi áhrif þar sem stanslaust bank/taktur/bassi frá hljómkerfi staðarins geti varað allt frá kl. 16:00–17:00 til kl. 01:00 að nóttu. Einnig sé hávaði slíkur þegar verið sé að henda bjórkútum úr stáli eftir gólfum staðarins að húsið skjálfi.

Allt ofangreint sé þess eðlis að taugakerfi kæranda sé undir sífelldu áreiti vegna óeðlilegs hávaða sem enginn ætti að þurfa að lifa við. Að það taki næstum þrjú ár fyrir heilbrigðiseftirlitið að finna út að staðurinn valdi mengun og heilsuspillandi tjóni og gefi jafnframt ítrekað út leyfi og heimili breytingar til að þóknast rekstraraðilum en ekki íbúum hljóti að vera lögbrot. Það sé verið að aðlaga leyfi og flokkun staðarins að aðstæðum leyfishafa meðan íbúar í fjölbýli fái hvorki upplýsingar né andmælarétt.

Staðurinn Skor geti flutt sig á annan stað þar sem fólk býr ekki á hæðum fyrir ofan en kærandi geti ekki flutt eða selt húsnæði sitt meðan staðurinn er fyrir neðan án þess að selja á brunaútsölu vegna stórs galla á fasteigninni. Það hafi komið í ljós þegar íbúð á 2. hæð var í söluferli og hætt var við kaupsamning vegna hávaða frá Skor. Einnig hafi starfsemin valdið því að þær íbúðir sem séu á 2. og 3. hæð hússins hafa verið settar í Airbnb útleigu sem skapi enn meiri vandamál fyrir alla íbúa hússins þar sem

„hótelgestir“ sem gista aðeins örfáar nætur séu ekki að kvarta yfir hávaða. Ekki hafi verið farið að lögum í öllu því ferli er varði veitingastaðinn allt frá fyrstu opnun. Annar staður með samskonar starfsemi sé á Snorrabraut í stakstæðu húsnæði með enga íbúa fyrir ofan sig og sé hann opinn til kl. 23:00 á kvöldin og um helgar. Ætti það að vera samanburðarhæft og gefa tilefni til að þessi starfsemi eigi ekki heima með íbúum á efri hæðum sama hvaða flokki veitingastaða hann tilheyrir.

Varðandi kærufrest þá hafi borist póstur frá heilbrigðiseftirlitinu í nóvember 2023 þar sem fram komi að gefið hafi verið út leyfi með opnun til kl. 22:00 virka daga og til kl. 23:00 um helgar og aðfaranætur frídaga. Þar hafi einnig komið fram að karókiherbergi væri óleyfilegt. Aðrar ákvarðanir eftir það hafi ekki fengist staðfestar nema með einum stuttaralegum pósti í mars 2024 með svarinu „já“ þegar kærandi spurði hvort búið væri að lengja opnunartíma. Eina ástæðan sem var gefin var að „búið væri að fara í miklar framkvæmdir“ á staðnum. Engar upplýsingar hafi borist um hvers konar framkvæmdir eða hvað það þýddi. Eftir þetta og allan tímann frá langtímaleyfi í nóvember 2023 hafi kærandi þurft að senda kvartanir og beðið ítrekað um svör við spurningum og gögn er varði ákvarðanir á sífelldum breytingum en ekki fengið nein svör. Upplýsingar varðandi nýjustu breytingar um lengingu opnunar til kl. 01:00 alla miðvikudaga til laugardaga hafi verið aflað af netsíðu Skors. Ekkert hafi borist frá heilbrigðiseftirlitinu þrátt fyrir ítrekaðar beiðnir og kvartanir. Þá hafi heilbrigðiseftirlitið aldrei upplýst íbúa um nokkrar af þessum breytingum að fyrri bragði.

Málsrök Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur: Áréttað er að tekin hafi verið ákvörðun um rýmkun opnunartíma veitingastaðarins Skors 27. febrúar 2024 og kærandi upplýstur um ákvörðunina 1. mars s.á. Sé því kærufrestur liðinn skv. 2. mgr. 4. gr. laga nr. 130/2011.

Ítrekað sé að meginhlutverk heilbrigðiseftirlitsins sé að gefa út starfsleyfi skv. lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum og lögum nr. 93/1995 um matvæli með síðari breytingum, ásamt því að hafa eftirlit með þeirri löggjöf.

Flokkun veitingastaða í flokka II og III komi fram á rekstrarleyfum veitingastaða sem gefin séu út skv. lögum nr. 85/2007 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald, með síðari breytingum, og reglugerð nr. 1277/2016 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald, með síðari breytingum. Sé það hlutverk Sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu að gefa út rekstrarleyfi eftir að hafa leitað umsagna hlutaðeigandi sveitarstjórnar, slökkviliðs, heilbrigðisnefndar, byggingarfulltrúa, vinnueftirlits og lögreglu. Hafi úrskurðarnefndin þegar staðfest að flokkun veitingastaðarins samrýmist deiliskipulagi svæðisins og búsetu í húsinu.

Hafnað sé fullyrðingum um að kærandi hafi ekki fengið upplýsingar um ákvarðanir heilbrigðiseftirlitsins varðandi Skor frá því í nóvember 2023. Af gögnum málsins megi sjá að stofnunin hafi upplýst kæranda um að rekstraraðili Skors hafi sótt um leyfi til notkunar á sérherberginu sem áður hafi verið karókiherbergi. Eins hafi kærandi fengið upplýsingar hinn 1. mars s.á. um að opnunartími staðarins hafi verið rýmkaður. Heilbrigðiseftirlitið hafi ítrekað verið í sambandi við deiluaðila síðan málið hófst í janúar 2022. Hafi stofnunin oftast en einu sinni fundað með íbúum, nú síðast 9. apríl 2024. Samskipti hafi verið virk, bæði í gegnum kvartanir sem og sjálfstæðar rannsóknir heilbrigðiseftirlitsins á málinu.

Í framhaldi af þeim breytingum sem rekstraraðili Skor hafi sótt um 10. janúar 2024 hafi heilbrigðiseftirlitið farið í eftirlit á staðinn hinn 14. febrúar s.á. til að taka út téðar úrbætur. Við eftirlitið hafi úrbætur verið staðfestar og þó að þeim væri ekki að fullu lokið hafi heilbrigðiseftirlitið metið svo að þær væru að draga verulega úr ónæðinu. Breytingar á starfsemi í sérherbergi, úrbætur á hljóðvist, uppsetning hljóðgildra, minni hátalarar og hljóðkerfi væru til þess fallnar að hindra að hljóð bærisk úr sérherberginu.

Niðurstöður úttektarinnar ásamt skoðun fyrirbyggjandi gagna hafi legið til grundvallar því að á afgreiðslufundi 27. febrúar 2024 hafi verið samþykkt að aflétta takmörkunum að hluta og heimila þar með opnunartíma Skor til kl. 23:00 sunnudaga til

fimmtudaga og til kl. 01:00 aðfaranætur laugardags, sunnudags og frídaga. Hafi sjónarmið meðalhófs, ítrekaðra kvartana og hljóðmælinga vegið þungt í ákvörðunum um takmarkanir á starfsemi staðarins.

Bent sé á að heilbrigðiseftirlitið hafi ítrekað farið í íbúð kæranda til hljóðmælinga en skynmat í íbúðinni ekki gefið ástæðu til að framkvæma hljóðmælingar. Við skynmat í íbúð 301 hafi heilbrigðisfulltrúar ekki getað greint hávaða og ónæði frá Skor. Eins og fram komi í hljóðmælingaskýrslu hafi verið farið í heimsókn 29. september 2023 í íbúð kæranda til skynmats og þá hafi ekki verið hægt að greina hljóð sem rekja mætti til staðarins. Á sama tíma hafi verið í gangi hljóðmæling og skynmat í íbúð 205 og hafi þar heyrst greinileg fagnaðarlæti og köll frá veitingastaðnum meðan ómur frá tónlist væri lítill.

Gögn sem fylgi kærinni og skjáskot af heimasíðu Skor sýni opnunartíma staðarins skráðan til kl. 01:00 miðvikudaga til sunnudaga. Hafi kærandi einnig sent þessar upplýsingar á heilbrigðiseftirlitið og taldi að stofnunun hefði breytt opnunartíma staðarins. Heilbrigðiseftirlitið hafi staðfest upplýsingar af skjáskotunum með eigin rannsóknum og upplýst kæranda með tölvupósti dags. 29. maí 2024 að engar breytingar hefðu verið gerðar á starfsleyfi Skors né heimilaður annar opnunartími frá því að núgildandi starfsleyfi var gefið út hinn 27. febrúar s.á. Við skoðum heilbrigðiseftirlitsins á heimasíðu Skors 29. september s.á. hafði opnunartíma verið breytt og upplýsingar um opnunartíma til samræmis við gildandi opnunartíma staðarins. Engar ábendingar hafi borist um að Skor hafi farið út fyrir opnunartímann hvorki frá lögreglu né íbúum að Kolagötu 1.

Hafnað sé ásökunum um að stofnunin dragi taum rekstraaðila. Heilbrigðiseftirlitið einsetji sér að vinna mál ávallt af fagmennsku með vandaða og góða stjórnsluhætti að leiðarljósi. Málið hafi verið í virkri rannsókn allan tímann og sé enn, bæði hvað varði hljóðvist og lyktarmengun.

Málsrök leyfishafa: Bent er á að umdeilt leyfi hafi verið gefið út 27. febrúar 2024 og kærandi því komin langt yfir lögbundin kærufrest. Rými það sem Skor sé staðsett í hafi aldrei verið neitt annað en bar/veitingastaður og sé húsið og svæðið skilgreint sem svæði sem heimili slíka starfsemi.

Vísað sé til í kæru að staðurinn hafi leyfi til kl. 01:00 frá miðvikudegi til laugardags. Það sé ekki rétt þar sem leyfi fyrir opnunartíma sé til kl. 01:00 föstudaga, laugardaga og aðfaranætur frídaga. Skjáskotið sem fylgi kæru sé innsláttarvilla frá því nýlega þegar opnunartíma var breytt yfir daginn þegar byrjað var að opna síðdegis mánudaga og þriðjudaga, slysaðist sami lokunartími á miðvikudaga og fimmtudaga á einhverjum stað á vefsíðu. Annars staðar hafi þetta alltaf verið sett rétt fram og staðurinn rekinn samkvæmt leyfðum opnunartíma.

Sérherbergi sem kærandi lýsi sem „gamla karaoke herbergið“ sé fullhljóðeinangrað herbergi með enga tengingu við útveggi. Inni í því sé píluþjald, Sonos hátalari stilltur á 50% og sjónvarp sem nýtir aðeins innbyggða hátalara sem gestir nota stöku sinnum til að horfa á íþróttaviðburði eða sambærilegt. Herbergið sé ekki notað til að öskra eins og kærandi lýsi. Vert sé að benda á að ótal mælingar hafi verið gerðar af hljóðverkfræðingum og aldrei mælst hávaði yfir leyfilegum mörkum, jafnvel þegar herbergið var nýtt sem karóíkí herbergi. Hafnað sé lýsingum kæranda og bent á að „hljóðlimiter“ sé á staðnum sem komi í veg fyrir að tónlist geti spilast hærra en 75dB. Loftin þoli 85 til 95dB. Þá búi kærandi á þriðju hæð, þar sem enginn hátalari úr sal sé í nálægð við loft eða útvegg sem deilt sé með kæranda. Varðandi kvartanir vegna „kútahljóða“ sé bent á að allir kútar séu staðsettir hinum megin í húsinu við kæranda og að mottur séu undir kútum sem dempi hljóð. Gólf sé slitið frá útveggjum ásamt því að hljóðdúkur sé undir gólfefnum sem komi í veg fyrir að högghljóð berist í útveggi.

Viðbótarathugasemdir kæranda: Ítrekaðar eru fyrri kröfur um að staðurinn Skor verði flokkaður sem veitingastaður í flokki III og að fallið verði frá lengingu opnunartíma. Leyfi til lengri opnunartíma hafi verið veitt án samráðs eða samtals við íbúa þrátt fyrir kvartanir og eins og sjá megna á gögnum virðist vera nóga að leyfishafi hefji framkvæmdir eða tali um þær, en þurfi ekki að ljúka þeim til að fá útgefin ný leyfi. Voru því úrbætur ekki kláraðar áður en lenging á opnunartíma var gefin út til að leita fullvissu um

að úrbætur haldi. Eins og sjá megi á gögnum virðist sem staðurinn hafi fengið umtalsverðar tilfæringar í gegnum árin frá opnun í byrjun árs 2022. Samkvæmt gögnum virðist sem staðurinn hafi verið í rekstri allt frá janúar 2022 án rekstrar- og starfsleyfis fram til loka mars sama ár.

Liðið sé langt á þriðja ár í sífelldri baráttu vegna staðarins og stanslauss ónæðis af hálfu hans. Að búa við slíkt til lengri tíma sé óviðunandi og erfitt sé að sjá hvað valdi því að svo erfitt sé að taka ákvarðanir um að þessi staður eigi ekki heima á neðstu hæð fjölbýlishúss þar sem íbúar halda heimili og búast við eðlilegum heimilisfrið í íbúðum sínum þrátt fyrir að búa í miðbæ Reykjavíkur. Ónæðið komi nefnilega ekki að utan heldur innanhúss þar sem hljóð berist frá atvinnurekstri sem ætti að vera flokkaður sem skemmtistaður en ekki krá/veitingasala. Athuga þurfi vel og vandlega hverskonar starfsemi sé á staðnum og hvar hann sé staddur með tilliti til íbúafjölda fyrir ofan og í kring. Lögð sé rík áhersla á að rekstraraðili virði ákvæði reglugerðar nr. 724/2008 um hávaða og ákvæði 22. gr. reglugerðar nr. 941/2002 um hollustuhætti hvað ónæði varði og því skuli rekstraraðili gera allt sem í hans valdi stendur til að koma í veg fyrir ónæði í samræmi við ofangreindar reglugerðir.

Varðandi heimsóknir sem heilbrigðiseftirlitið segist hafa farið í inn á heimili kæranda og greini frá að ekki hafi verið hægt að greina hávaða frá staðnum, þá muni kærandi eftir einni heimsókn. Hafi það verið á virkum degi og heimsókn staðið yfir í 15 mínútur á milli kl. 21:00 og 22:00. Hafi kærandi sent heilbrigðiseftirlitinu tugi myndbanda þar sem heyra megi hávaðann berast upp í íbúðina. Þrátt fyrir ítrekaðar kvartanir og ábendingar um að hávaðinn sé mestur frá fimmtudegi til sunnudags og að tónlist sé hækkuð upp þá daga hafi verið tekin ákvörðun um að lengja opnunartíma staðarins aftur. Þrátt fyrir þessar upplýsingar hafi kærandi ekki séð nein gögn um að farið hafi verið í eftirlit á þeim tíma til að kanna hávaða frá starfsemi.

Bent sé á að rekstraraðilar hafi ekki ákveðið sjálfir að hætta með rekstur karókiherbergis. Hinn 11. janúar 2024 hafi kærandi sent tölvupóst á heilbrigðiseftirlitið vegna hávaða, óskra og tónlistar úr gamla karókiherberginu sem hafði verið lokað af hálfu heilbrigðiseftirlitsins og beðið um upplýsingar um hvort komið sé leyfi fyrir notkun á herberginu. Hinn 13. febrúar s.á. hafi komið svar um að kvartanir væru móttekna og að Skor hafi sótt um leyfi fyrir herbergi til pílukasts. Hvergi komi fram í póstinum hvort leyfið hafi verið útgefið eða hvort svo verði. Á sama tíma hafi umrætt herbergi verið í fullri notkun eins og fram komi í tölvupósti til heilbrigðiseftirlitsins 14. febrúar s.á. Hinn 1. mars s.á. komi svar um að leyfi fyrir einkapíluherbergi hafi verið veitt með takmörkunum á opnunartíma til miðnættis um helgar og gerðar hafi verið úrbætur.

Þarna hafi fyrst borist „loðið“ svar um að gefið hafi verið út leyfi með lengri opnunartíma þar sem opnunartími áður hafi einungis verið til kl. 23:00 um helgar. Þann sama dag berist annað svar við fyrirspurn um hvort heilbrigðiseftirlitið hafi veitt leyfi fyrir lengri opnunartími. Þar hafi komið fram að svo sé, því farið hafi verið í úrbætur á hljóðvist staðarins. Þann sama dag óski kærandi eftir gögnum sem sýni fram á úrbætur og ástæðu lengri opunar. Svör hafi ekki borist fyrr en 18. mars 2024 eftir kvartanir um hávaða. Hinn 29. maí s.á. hafi sér fyrst borist einhver gögn er varði úrbætur þrátt fyrir kvartanir og ítrekaða pósta frá 19. mars s.á. um að fá send gögn og útskýringar varðandi breytingar á leyfi.

Kærandi hefur gert ítarlegri grein fyrir máli sínu. Þau sjónarmið verða ekki rakin nánar hér en úrskurðarnefndin hefur haft þau til hliðsjónar við úrlausn málsins.

Niðurstaða: Í máli þessu er deilt um þá ákvörðun Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur frá 27. febrúar 2024 að aflétta takmörkunum á opnunartíma samkvæmt starfsleyfi veitingastaðarins Skor, Geirsgötu 2–4. Þá er þess krafist að umræddur veitingastaður verði færður í flokk III í flokkun veitingastaða og að skoðuð verði tengsl heilbrigðiseftirlitsins við rekstraraðila.

Hlutverk úrskurðarnefndarinnar er að úrskurða í kærumálum vegna stjórnvaldsákvarðana og í ágreiningsmálum vegna annarra úrlausnatriða á sviði umhverfis- og auðlindamála eftir því sem mælt er fyrir um í lögum á því sviði, sbr. 1. gr. laga um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála nr. 130/2011. Í samræmi við það tekur úrskurðarnefndin lögmati kærðrar

ákvörðunar til endurskoðunar en tekur ekki nýja ákvörðun í málinu. Verður því eingöngu tekin til meðferðar sú ákvörðun heilbrigðiseftirlitsins frá 27. febrúar 2024 um að aflétta takmörkunum á opnunartíma samkvæmt umþrættu starfsleyfi.

Samkvæmt 2. mgr. 4. gr. laga nr. 130/2011 um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála er kærufrestur til úrskurðarnefndarinnar einn mánuður frá því kæranda varð kunnugt eða mátti vera kunnugt um ákvörðunina. Fjallað er um kærur sem berast að liðnum kærufresti í 28. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993. Í 1. mgr. ákvæðisins er tekið fram að vísa skuli kærur frá hafi hún borist að liðnum kærufresti nema afsakanlegt verði talið að kæranda hafi ekki borist fyrr, sbr. 1. tl. eða að veigamiklar ástæður mæli með því að kæranda verði tekin til meðferðar skv. 2. tl.

Hinn 13. febrúar 2024 fékk kæranda upplýsingar frá heilbrigðiseftirlitinu um að Skor hefði sótt um leyfi til notkunar á karókiherbergi sem notað yrði sem sérherbergi og 1. mars s.á. fékk hann jafnframt upplýsingar um að opnunartími staðarins hefði verið rýmkaður. Kæra í máli þessu barst úrskurðarnefndinni 22. maí 2024 og var þá meira en mánuður liðinn frá framangreindum tilkynningum. Eftir móttöku tilkynninganna fór kæranda fram á frekari upplýsingar og gögn um efni umræddrar breytingar á starfsleyfinu og um þær úrbætur sem unnið væri að á staðnum, sem ekki var brugðist við fyrr en með tölvupósti, dags. 29. maí 2024. Verður því að telja það afsakanlegt að kæra í máli þessu hafi borist svo seint sem raun ber vitni og verður það því tekið til efnismeðferðar í samræmi við 1. tl. 1. mgr. 28. gr. stjórnslulaga.

Eins og rakið er í málavaxtalýsingu sýndu niðurstöður hljóðmælinga frá apríl 2023, sem gerðar voru í íbúð 201 í húsinu að Geirsgötu 2-4, að aðstæður í íbúðinni væru metnar heilsuspillandi vegna hávaða. Þrátt fyrir þær úrbætur sem rekstraraðili hafði gert sýndu niðurstöður hljóðmælinga í íbúðum 201 og 205, auk skynmats í íbúðum og stigagöngum, sem fram fóru 15. og 29. september 2023 að þær uppfylltu ekki kröfur um hljóðeinangrun milli hæða. Í skýrslu heilbrigðiseftirlitsins um eftirlitsferð 14. febrúar 2024, til að taka út þær úrbætur sem lýst var í umsókn um breytingu á starfsleyfi staðarins, kemur fram að úrbætur hefðu verið gerðar á hljóðeinangrun í miðrymi staðarins og undir íbúðum með hljóðeinangrandi ísogspötum. Einnig höfðu verið gerðar úrbætur á loftræsingum og hljóðkerfi í sérherbergi. Í skýrslunni kemur fram að úrbótum væri ekki að fullu lokið.

Í kjölfar niðurstöðu úrskurðarnefndarinnar í máli nr. 102/2022 voru gerðar nákvæmari mælingar á hávaða frá veitingastaðnum Skor. Þær mælingar sýndu að ekki hafði verið unnt að meta raunverulegt ónæði af starfsemi fyrir en að loknum mælingum í íbúð á 2. hæð hússins sem stóðu yfir í þrjár vikur samfleytt í apríl 2023. Samkvæmt hljóðskýrslu sem unnin var eftir hljóðmælingar og skynmat í september s.á. í sömu íbúðum voru aðstæður enn metnar óviðunandi. Engar sambærilegar hljóðmælingar eða skynmat hefur farið fram sem stutt geta þá ákvörðun heilbrigðiseftirlitsins að lengja opnunartíma staðarins.

Að framangreindu virtu og í ljósi forsögu málsins var ekki með viðhlítandi hætti gengið úr skugga um hvort hávaði í íbúð kæranda væri innan þeirra marka sem sett eru í lögum og reglugerð nr. 724/2008. Var rannsókn máls við undirbúning hinnar kærðu ákvörðunar að því leyti ábótavant og verður af þeim sökum og með vísan til 10. gr. stjórnslulaga fallist á kröfu kæranda um ógildingu hennar.

Úrskurðarorð:

Felld er úr gildi ákvörðun Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur frá 27. febrúar 2024 um að aflétta takmörkunum á opnunartíma samkvæmt starfsleyfi fyrir veitingastaðinn Skor, Geirsgötu 2-4.